



8. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 28. janúar 2000

Dagskrá:

1. Rekstraáætlanir sjóða RSÍ.
2. Staðan í samningamálum.
3. Ályktun um skattamál.
4. Ferðir á vegum RSÍ.
5. Önnur mál

Fundur settur kl. 14:00

1 . Rekstraráætlanir sjóða RSÍ.

Gjaldkeri lagði fram rekstraráætlanir sjóða RSÍ auk þess sem greint var frá stöðu þeirra. Áætlanir samþykktar.

2. Staðan í samningamálum.

Kröfugerðir hafa verið lagðar fram gagnvart ríki, Reykjavíkurborg og samtökum verslunarinnar og fleiri eru í farvatninu.

Fyrsti fundur með samtökum verslunarinnar var 27. janúar, þar sem kröfur voru lagðar fram en þær eru í höfuðatriðum þær sömu og í almenna samningnum.

Viðræður við SART og SA eru í gangi og nú er verið að fara yfir tryggingapakkann. Frítímatrygging virðist vera það hátt verðlögð að heppilegast virðist vera að styrktarsjóður RSÍ taki þær tryggingar fyrir félagsmenn.

3. Ályktun um skattamál.

Ítrekuð var sú ákvörðun kjaramálaráðstefnu RSÍ að vera í samstarfi við ASÍ um aðgerðir í skattamálum. Samþykkt var ályktum þess efnis

4. Ferðir á vegum RSÍ.

Skipulögð hefur verið á vegum ASÍ ferð til kynningar á Evrópusambandinu í Brüssel. RSÍ hefur ætíð sýnt þessu máli áhuga og þeir miðstjórnarmenn sem ekki höfðu kynnt sér málin geta gert það nú.

Ómar fer í boði Finnanna til Kiljava.

Ferð til Bergen vegna Norræna Byggingasambandsins:
Samþykkt að formaður ásamt tveim öðrum fari.

Samþykkt að Haraldur fari sem fulltrúi RSÍ í ferð ASÍ til Grænlands vegna vestnorræna sambandsins.

Stórhöfði 31 verður uppsteyptur og lokaður nú fyrir áramót.

Efri tvær hæðirnar verða afhentar 1. apríl en fyrsta hæðin 1. maí. Húsið númer 29 verður afhent í september. Gengið hefur verið frá leigu á húsinu ásamt millibyggingu til Íslandspósts. Þeir fá húsið með frágengnum loftum og gólfefnum og leigan.

5. Önnur mál

Beiðni um styrk frá nemum í rafiðnaði til ferðar á norrænt þing í Sondeborg , samþykkt að veita styrk.

Beiðni frá verkefnistjórn atvinnunefndar Eyjafjarðar og fl. var vísað til Rafiðnaðarskólans.

Fundi slitið kl. 16:30 Haukur Ágústsson